

# Professional Rullspackel

## Rúlluspartl

### Efnislýsing

Professional Rullspackel er fyllandi alhliða léttspartl ætlað til rúllu-spörtlunar innanhúss og er sérstaklega þróað til notkunar við endurbætur á eldra húsnæði en hentar einnig vel í nýbyggingum. Notist við hvers konar spörtlun á byggingaplötum og steiptum flötum, ópússuðum sem pússuðum. Professional Rullspackel má einnig nota á veggfóðurssamskeyti og málaða fleti í þurrum rýmum innanhúss o.fl.

Vegna sérstakrar efnasamsetningar Professional Rullspackel er spartlið hentugt við lagningu borða í veggjasamskeyti samkvæmt stöðlum HusAMA 11.

### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr og vel bundið án lauss yfirborðslags. Viðeigandi búnaður til að bera Professional Rullspackel á flötinn er rúlla með framlengingarskafti. Besta áferð á veggj eða loft næst ef notaður er stór spartlspaði til að slétta úr spartlinu eftir rúllun.

Við pússun er mælt með notkun rykgríma og verndun augna. Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar spartlið er fjarlæggt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta spartlfötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartlleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Bindiefni:** Latexþeytulausn

**Kornastærð:** Mest 0,16 mm.

**Þéttleiki:** 1,0

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 4 klst. en veltur mjög á þykkt spartls

**Mesta þykkt:** U.þ.b. 5 mm.

**Lágmarkshiti við spörtlun:** +5°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Spartlspaðar

**Efnið í notkun:** Auðvelt að slípa

**Litur:** Gráleitur

**Pakkningar:** 15 lítra fötur

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 og EN 15824

#### Umhverfi

Efnið uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á [www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)